

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2024/2104****2025/EES/17/26****frá 27. júní 2024**

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar í hvaða tilvikum og við hvaða skilyrði lögbær yfirvöld geta krafist þess að rekstraraðilar tilkynni um komu tiltekinna vara inn til Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og föður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 45. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (ESB) 2017/625 er komið á fót ramma fyrir opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi til að sannprófa samræmi við löggjöf Sambandsins um landbúnaðartengda matvælakeðju. Þessi rammi nær yfir opinbert eftirlit sem haft er með dýrum og vörum sem koma inn til Sambandsins.
- 2) Í 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 er þess krafist að aðildarríki sinni opinberu eftirliti við tilteknar landamæraeftirlitsstöðvar með hverri sendingu af flokkum dýra og vara sem um getur í því ákvæði. Að því er varðar slík dýr og slíkar vörur skal tilkynna fyrir fram um hverja sendingu og hún athuguð á landamæraeftirlitsstöðvum með því að nota samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal sem um getur í 56. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625. Senda skal samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalið í upplýsingastjórnunarkerfi fyrir opinbert eftirlit (IMSOC) sem framkvæmdastjórnin hefur sett upp og stjórnar í samræmi við 1 mgr. 131. gr. þeirrar reglugerðar.
- 3) Samkvæmt 44. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 skulu aðildarríki sinna opinberu eftirliti reglulega, á grundvelli áhættu og með viðeigandi tíðni, með dýrum og vörum sem koma inn til Sambandsins og sem ákvæði 47. og 48. gr. þeirrar reglugerðar gilda ekki um. Viðeigandi tíðni skal ákvörðuð með tilliti til viðmiðana sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 44. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og, að því er varðar plöntuverndarvörur, einnig viðmiðana sem fastsettar voru í 2. mgr. 24. gr. þeirrar reglugerðar. Framkvæmd opinbers eftirlits skal ávallt fela í sér sannprófun skjala og skulu ná yfir sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi, með hliðsjón af áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, velferð dýra eða, að því er varðar erfðabreyttar lífverur og plöntuverndarvörur, einnig umhverfið.
- 4) Í samræmi við b-lið 3. mgr. 44. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 skal opinbert eftirlit með vörum sem koma inn í Sambandið frá þriðju löndum, sem 47. og 48. gr. þeirrar reglugerðar gilda ekki um, fara fram m.a. á landamæraeftirlitsstöð.
- 5) Tilteknar vörur sem koma inn í Sambandið frá þriðju löndum skapa áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, velferð dýra eða, að því er varðar erfðabreyttar lífverur og plöntuverndarvörur, einnig fyrir umhverfið. Upplýsingar um löggjöf þriðju landa í tilteknum geira, um framkvæmd viðeigandi opinbers eftirlits af hálfu lögbærra yfirvalda þriðju landa eða allar aðrar viðeigandi upplýsingar frá tvíhliða tengslum við þriðju lönd gera lögbærum yfirvöldum aðildarríkja kleift að meta sögu um uppfyllingu krafna sem komið var á með reglunum sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og gilda um vörurnar sem um er að ræða.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/2104, 25.9.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2025 frá 7. febrúar 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(¹) Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2017/625/oj>.

- 6) Þegar lögbær yfirvöld á landamæraeftirlitsstöð inna af hendi opinbert eftirlit með þessum vörum skal opinbera eftirlitið ná yfir sannpröfun skjala, sannpröfun auðkenna og eftirlit með ástandi. Til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að skipuleggja þessar athuganir á skilvirknan hátt sem kemur í veg fyrir að hættur berist inn í Sambandið ættu lögbær yfirvöld að geta fengið staðlaðar upplýsingar fyrir fram, þar sem sendingunum er lýst nógu nákvæmlega til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að sanngreina sendingarnar, ákvörðunarstað þeirra og fyrirhugaða notkun tafarlaust og fullkomlega.
- 7) Því þykir rétt að bæta við reglugerð (ESB) 2017/625 í samræmi við 4. mgr. 45. gr. þeirrar reglugerðar og tilgreina þau tilvik og skilyrði þar sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna geta óskað eftir því að rekstraraðilar tilkynni komu sendinga af tilteknum vörum frá þriðju löndum. Ákvörðun þeirra tilvika og skilyrða ætti að byggjast á mati á áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, velferð dýra eða, ef um er að ræða erfðabreyttar lífverur og plöntuvermdarvörur, einnig umhverfið sem tengist vörunum sem um er að ræða, eða sögu um uppfyllingu krafna sem komið var á með reglunum sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og gilda um vörurnar sem um er að ræða. Enn fremur ættu tilkynningar um komu að varða vörusendingar sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum í samræmi við b-lið 3. mgr. 44. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.
- 8) Með hliðsjón af 3. mgr. 133. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 skal gefa út tilkynningar um komu í gegnum upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit. Til að greiða fyrir tímanlegum skiptum á gögnum milli lögbærra yfirvalda sem inna af hendi athuganir á heilbrigði og plöntuheilbrigði og tollyfirvalda, þ.m.t. skipti með rafrænum hætti, ætti rekstraraðilinn sem ber ábyrgð á sendingunni að tilkynna komu sendingarinnar með því að safna saman og senda viðeigandi gögn í TRACES-kerfið í upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit, til sendingar til lögbærra yfirvalda á landamæraeftirlitsstöðvum sem eru fyrstu komustöðvar inn til Sambandsins og til að tollyfirvöld hafi aðgang að gögnunum í samræmi við b-lið 1. mgr. 38. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715 ⁽²⁾.
- 9) Rekstraraðilinn sem ber ábyrgð á sendingunni ætti að gefa nægilega nákvæma lýsingu á sendingunni í tilkynningunni um komu til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að sanngreina sendinguna, ákvörðunarstað hennar og fyrirhugaða notkun, eins og til manneldis, fóður, sýni, sýningargripur á sýningu, snertiefni matvæla, plöntuvermdarvörur eða annað, tafarlaust og fullkomlega. Auk þess ætti rekstraraðilinn sem ber ábyrgð á sendingunni að votta með yfirlýsingu að upplýsingarnar sem veittar eru í tilkynningu um komu séu réttar og fullnægjandi. Til að greiða fyrir málsmeðferð og vegna réttarvissu ætti að veita upplýsingarnar á stöðluðu sniði.
- 10) Rekstraraðilar sem bera ábyrgð á sendingunni ættu á þessu staðlaða sniði, sem er notað til að lýsa sendingunni, að geta tilgreint að sendingin skuli send á starfsstöð fyrir áframhaldandi flutning sem hefur verið tilnefnd í samræmi við 9. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2124 ⁽³⁾. Rekstraraðilar sem bera ábyrgð á sendingunni ættu einnig að geta tilgreint að sendingar skuli áframsenda í tollvöruheymslur sem um getur í 1. mgr. 240. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 925/2013 ⁽⁴⁾ eða í bráðabirgðageymslu sem um getur í 1. mgr. 147. gr. þeirrar reglugerðar. Rekstraraðilar ættu að lýsa sendingunni með vísun í númer og fyrirsögn í sameinuðu nafnaskránni (SN) sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 ⁽⁵⁾ og kóða í samþætту tollskrárkerfi Evrópusambandsins (TARIC).
- 11) Samkvæmt 13. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 skulu lögbær yfirvöld taka saman skriflegar skrár um allt opinbert eftirlit sem þau inna af hendi, á pappírsmiðum eða á rafrænu formi. Til að greiða fyrir framkvæmd opinbers eftirlits og tollaftirlits ætti að gera lögbærum yfirvöldum á landamæraeftirlitsstöðvum kleift að bæta skriflegu skránum um opinbera eftirlitið með sendingum og öllum ákvörðunum sem teknar eru á þeim grundvelli, þ.m.t. ákvörðun um að hafna sendingu, í tilkynningu um komu sem er send í TRACES-kerfið.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715 frá 30. september 2019 um reglur um starfsemi upplýsingastjórnunarkerfis fyrir opinbert eftirlit og kerfisihluti þess (IMSOC-reglugerðin) (Stjtið. ESB L 261, 14.10.2019, bls. 37, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2019/1715/oj).

⁽³⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2124 frá 10. október 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um opinbert eftirlit með sendingum af dýrum og vörum í umflutningi, umfermingu og áframhaldandi flutningi gegnum Sambandið og um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008, (EB) nr. 1251/2008, (EB) nr. 119/2009, (ESB) nr. 206/2010, (ESB) nr. 605/2010, (ESB) nr. 142/2011, (ESB) nr. 28/2012, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/759 og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/777/EB (Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 73, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2019/2124/oj).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 frá 9. október 2013 um tollalög Sambandsins (Stjtið. ESB L 269, 10.10.2013, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2013/952/oj>).

⁽⁵⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjtið. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/1987/2658/oj>).

- 12) Til að tryggja fullnægjandi öryggisstig rafrænnar auðkenningar og rafrænnar vottunar og til að stafvæða og samræma ferlið ætti notkun rafrænnar tilkynningar um komu sem send er í TRACES-kerfið að uppfylla staðla fyrir rafrænar undirskriftir og rafræn innsigli á mismunandi fullvissustigum kennsla sem eru fastsett í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 ⁽⁶⁾ og framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1506 ⁽⁷⁾.
- 13) Rétt þykir að kveða á um að fresta deginum þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda með hliðsjón af þeim tíma sem þarf til að tryggja tengingu TRACES-kerfisins að því er varðar tilkynningu um komu, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, við rafræna sameiginlega tollgátt Evrópusambandsins fyrir miðlun vottorða, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2399 ⁽⁸⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um tilvik og skilyrði þar sem lögbær yfirvöld geta óskað eftir því að rekstraraðilar tilkynni komu tiltekinna vara sem koma inn í Sambandið og sem 47. og 48. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 gilda ekki um.

2. gr.

Tilvik þar sem óska má eftir tilkynningu

Lögbær yfirvöld geta óskað eftir því að rekstraraðilar tilkynni komu tiltekinna vara ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- 1) tilkynningin er nauðsynleg með tilliti til:
- a) greindrar áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, velferð dýra eða, að því er varðar erfðabreyttar lífverur og plöntuverndarvörur, einnig fyrir umhverfið, sem tengist vörum sem um er að ræða, eða
 - b) sögu um uppfyllingu krafna sem komið var á með reglunum, sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, sem gilda um vörurnar sem um er að ræða,
- 2) vörurnar sem um er að ræða falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum í samræmi við b-lið 3. mgr. 44. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „TRACES-kerfið“: kerfið sem um getur í 4. mgr. 133. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/625,
- 2) „rafræn undirskrift“: rafræn undirskrift eins og hún er skilgreind í 10. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014,
- 3) „útfært rafrænt innsigli“: rafrænt innsigli sem er í samræmi við tækniforskriftirnar sem mælt er fyrir um í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2015/1506,
- 4) „fullgilt rafrænt innsigli“: rafrænt innsigli eins og það er skilgreint í 27. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014.

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB (Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 73, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2014/910/oj>).

⁽⁷⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1506 frá 8. september 2015 um forskriftir fyrir snið útfærðra rafrænna undirskrifa og útfærðra innsigla sem opinberir aðilar skulu viðurkenna skv. 5. mgr. 27. gr. og 5. mgr. 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum (Stjtið. ESB L 235, 9.9.2015, bls. 37, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2015/1506/oj).

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2399 frá 23. nóvember 2022 um að koma á fót ramma Evrópusambandsins um sameiginlega tollgátt og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 952/2013 (Stjtið. ESB L 317, 9.12.2022, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2022/2399/oj>).

4. gr.

Skilyrði fyrir beiðni um tilkynningu um komu

1. Lögbær yfirvöld geta óskað eftir því að rekstraraðilar tilkynni komu sendinga, að því tilskildu að landamæraeftirlitsstöðin þar sem sendingarnar koma fyrst inn í Sambandið sé staðsett innan yfirráðasvæðis aðildarríkis lögbæru yfirvaldanna.
2. Tilkynning um komu skal samanstanda af:
 - a) stöðluðum upplýsingum þar sem sendingunum er lýst nógu nákvæmlega til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að sanngreina tafarlaust og fullkomlega sendingarnar, ákvörðunarstað þeirra og fyrirhugaða notkun í samræmi við 4. mgr. og
 - b) yfirlýsingu rekstraraðilans sem ber ábyrgð á sendingunni til að votta að upplýsingarnar sem um getur í a-lið séu réttar og fullnægjandi.
3. Rekstraraðilinn sem ber ábyrgð á sendingunum skal fylla út og senda tilkynningu um komu fyrir hverja sendingu í TRACES-kerfið á opinberu tungumáli Sambandsins í aðildarríkinu þar sem sendingarnar koma inn, til sendingar til lögbærra yfirvalda þeirrar landamæraeftirlitsstöðvar sem er fyrsta komustöð inn í Sambandið, fyrir komu sendinganna. Þó er aðildarríki heimilt að samþykkja að tilkynning sé útbúin á öðru opinberu tungumáli Sambandsins en tungumáli aðildarríkisins þar sem sendingin kemur inn.
4. Tilkynning um komu skal fylla út með stöðluðu upplýsingunum hér á eftir:
 - a) nafn, heimilisfang, land og landskóði Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO) að því er varðar einstaklinginn eða lögaðilann sem sendir sendinguna,
 - b) heiti landamæraeftirlitsstöðvarinnar þar sem sendingin kemur fyrst inn í Sambandið
 - c) nafn og heimilisfang einstaklings eða lögaðila sem sendingin á að fara til,
 - d) heiti, heimilisfang, land og ISO-landskóði staðar þar sem sendingin er afhent til lokaaffæringar,
 - e) nafn, heimilisfang, land og ISO-landskóði einstaklings eða lögaðila í aðildarríkinu sem er ábyrgur fyrir sendingunni þegar henni er framvísað á landamæraeftirlitsstöð,
 - f) tegund skjala sem fylgja sendingunni, einkvæmur kóði þeirra og útgáfuland, eftir atvikum,
 - g) tilvísunarnúmer viðskiptaskjala, eftir atvikum,
 - h) áætluð komudagsetning og -tími á komustað þar sem landamæraeftirlitsstöðin er staðsett,
 - i) upprunaland varanna eða land þar sem þær voru ræktaðar, uppskornar eða framleiddar,
 - j) endanlegt flutningatæki fyrir flutning til Sambandsins og auðkenning endanlegs flutningatækis,
 - k) land þar sem vörurnar voru lestaðar á endanlegt flutningatæki til flutnings til Sambandsins,
 - l) heiti, heimilisfang, land og ISO-landskóði upprunastarfsstöðva og, eftir atvikum, skráningar- og samþykkisnúmer þeirra,
 - m) flokkur áskilins hitastigs í flutningi (við umhverfishita, kæld, fryst), eftir atvikum,
 - n) gámanúmer og innsigli snúmer, eftir atvikum,
 - o) fyrirhugað notkun vara eða flokkur þeirra eins og skilgreint er í opinberum vottorðum, opinberum vottunum, yfirlýsingum eða viðskiptaskjölum, ef þess er krafist,
 - p) upplýsingar um samræmi varanna við kröfur,
 - q) fyrirhugaður ákvörðunarstaður sendingar eftir að hún fer frá landamæraeftirlitsstöð, eins og hér segir:
 - i. „fyrir innri markaðinn“: ef um er að ræða sendingar sem fyrirhugað er að setja á markað í Sambandinu eða
 - ii. „fyrir gegnumflutning“: ef um er að ræða sendingar af föðuraufnum sem eru ekki úr dýraríkinu og ekki hefur verið veitt leyfi fyrir og af plöntuverndarvörum sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir, sem eru ætlaðar til gegnumflutnings til þriðja landsins, sem er viðtökuland, ásamt tilgreiningu á heiti og ISO-landskóða þriðja landsins, sem er viðtökuland, og, ef um er að ræða sendingar af vörum sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir sem fara yfir yfirráðasvæði Sambandsins eftir vegi, járnbraut eða vatnaleið, heiti landamæraeftirlitsstöðvar sem er brottfararstaður og er staðsett í sama aðildarríki og landamæraeftirlitsstöðin,
 - iii. „fyrir flutning til“: ef flytja má sendinguna samkvæmt landsbundnum reglum frá landamæraeftirlitsstöð á eftirlitsstað sem um getur í a-lið 1. mgr. 53. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, sem er staðsettur í sama aðildarríki og landamæraeftirlitsstöðin, vegna frekara opinbers eftirlits, ásamt tilgreiningu á heiti eftirlitsstaðarins,

- iv. „fyrir áframhaldandi flutning til“: ef flytja má sendinguna samkvæmt landsbundnum reglum á starfsstöð fyrir áframhaldandi flutning sem er tilnefnd skv. 9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2124, sem er staðsett í sama aðildarríki og landamæraeftirlitsstöðin, ásamt tilgreiningu á upplýsingum þeirrar starfsstöðvar,
- v. ef um er að ræða sendingar af fóduraukefnum sem eru ekki úr dýraríkinu og ekki hefur verið veitt leyfi fyrir og af plöntuverndarvörum sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir, sem eru ekki í beinni gegnumferð til þriðja lands, eru tilgreindir eftirfarandi viðtökustaðir sem eru undir eftirliti þar sem sendingarnar verða afhentar áður en þær fara af yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem landamæraeftirlitsstöðin er staðsett:
 - 1) tollvöruheymsla sem um getur í 1. mgr. 240. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013,
 - 2) bráðabirgðageymsla sem um getur í 1. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013,
 - 3) frísvæði, eftir atvikum,
 - 4) starfsstöð fódurfyrirtækis, ásamt tilgreiningu á skráningar- eða samþykkisnúmeri,
- r) lýsing á vörunum í sendingunni á grundvelli opinberra vottorða, opinberra vottana, yfirlýsinga eða viðskiptaskjala sem gerir það kleift að sanngreina þær og reikna út gjöld, þ.m.t. allt eftirfarandi:
 - i. númer og fyrirsögn í sameinuðu nafnaskránni (SN) sem kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 2658/87 og kóði í samþætту tollskrárkerfi Evrópusambandsins (TARIC),
 - ii. eigin þyngd í kg,
 - iii. heildarþyngd sem samanstendur af eigin þyngd ásamt innri og ytri umbúðum en að frátöldum flutningagámum og öðrum flutningabúnaði,
 - iv. gerð og heildarfjöldi pakkninga í sendingunni,
 - v. lotunúmer,
 - vi. vöruhegund, þ.m.t. hvort vörurnar eru ætlaðar til setningar á markað sem lífrænt ræktaðar vörur eða vörur í aðlögun,
 - vii. fjöldi stykkja eða magn, eftir því sem við á.
- 5. Lögbær yfirvöld á landamæraeftirlitsstöðvum mega bæta skriflegum skráum um opinbert eftirlit, sem um getur í 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, við tilkynninguna um komu sem er send í TRACES-kerfið, þ.m.t. allar eftirfarandi ákvarðanir um sendingarnar:
 - a) „má samþykkja fyrir innri markaðinn“,
 - b) „má samþykkja til flutnings“,
 - c) „má samþykkja til áframhaldandi flutnings“,
 - d) „má samþykkja til umflutnings“,
 - e) „má samþykkja sem vörur sem eru ekki í samræmi við tilskilin ákvæði“,
 - f) „ekki samþykkt“.
- 6. Tilkynningar um komu, sem rekstraraðilar sem bera ábyrgð á sendingunni undirrita í TRACES-kerfinu með rafrænni undirskrift, skulu vera með útfært rafrænt innsigli eða fullgilt rafrænt innsigli lögbærra yfirvalda.

5. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. mars 2025.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. júní 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
